

Frístundamiðstöðin Miðberg

Starfsáætlun 2024-2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Hlutverk/leiðarljós/gildi Miðbergs.....	6
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári	7
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs.....	1414
Áskoranir, markmið og aðgerðir.....	15
Próunarverkefni og áherslur starfsársins.....	2021
Samstarf	2122
Jafnréttisáætlun	2223





Inngangur

Starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs 2024-2025 er unnin út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, stefnu um frístundahjónustu í Reykjavík til 2025 og samþykkt borgarstjórnar um þróunarverkefnið Betri borg fyrir börn. Tekið er mið af lögum og reglugerðum varðandi starfið, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs (2015) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavík. Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verður að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni.

Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2024 og gildir til 31. ágúst 2025 og er hægt að nálgast hana á heimasíðu Miðbergs. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið út frá starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar.

Frístundamiðstöðin Miðberg stendur fyrir fjölbreyttu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 16 ára í Breiðholti. Miðberg stendur einnig fyrir ýmsum verkefnum sem stuðla að því að styrkja félagsauð hjá íbúum hverfisins. Frístundamiðstöðin heldur utan um starfsemi Flotans **vet**fangsstarfs félagmiðstöðva og sér um starf fyrir 16 -20 ára í Breiðholti í samstarfi við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Hjá Miðbergi starfa um 150 starfsmenn og af þeim eru 40 í fullu starfi. Starfsstaðir Miðbergs eru sex frístundaheimili og fjórar félagsmiðstöðvar auk stjórnendateymis frístundamiðstöðvarinnar. Stjórnendateymi Miðbergs eru eftirfarandi; Helgi Eiríksson, Krístrún Lilja Daðadóttir, Herdís Snorradóttir og Óttar Möller. Starfsmannahópur Miðbergs er með fjölbreytta menntun, bakgrunn og reynslu. Verkefni starfsfólksins eru margvísleg og krefjast sérhæfingar og sérþekkingar.

Í starfi Miðbergs er lögð áhersla á að börnum frá 6 – 16 ára standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og






þroska. Starfið styður við félagsþroska og vináttupjálfun í gegnum frjálsan leik, skapandi smiðjur og klúbba. Lögð er áhersla á þverfaglegt samstarf milli fristundaheimila og félagsmiðstöðva Miðbergs með skapandi viðburðum eins og Breiðholt got talent, kvikmynda- og leiklistarhátíð, hrekkjavöku og þátttöku í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur. Einnig er lögð mikil áhersla á þverfaglegt starf með grunnskólum, Suðurmiðstöð, íþróttafélögum og félagsamtökum í hverfinu með verkefnum eins og nemendaráðum/unglingaráðum, lausnateymum, innleiðingu farsældarlaga og með verkefnum Íþróttir í Breiðholti.

Helstu samstarfsaðilar Miðbergs eru Suðurmiðstöð, grunnskólar, leikskólar, íþróttafélög og félagsamtök í hverfinu. Helstu markmið starfsáætlunar 2024-2025 er að auka framboð af fjölbreyttu hópastarfi í öllu starfi fristundamiðstöðvarinnar og leggja áherslu á snemmtæka íhlutun með verkefnum eins og farsæld til framtíðar, Senter og læsi allra mál. Einnig verður aukin áhersla á lista- og menningarstarf annarsvegar og heilsu og hreyfingu hins vegar með þátttöku í verkefnum heilsueflandi Breiðholt. Miðberg leggur áherslu á lýðræðislega starfshætti og aðferðafræði reynslunáms í starfi með börnum og unglingum.







Hlutverk Miðbergs

- Að styrkja félagsþroska, virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði barna og unglunga í hverfinu.
- Að efla og þróa fagumhverfi frítímaþjónustu í Breiðholti.
- Að efla og þróa samstarf við aðra þá aðila sem þjónusta börn og unglunga í hverfinu.

Gildi Miðbergs

Virðing

- Mannréttindi, jafnrétti og lýðræði eru hornsteinar í öllu okkar starfi. Við sýnum virðingu og vinnum saman af metnaði að faglegu starfi og forvörnum.

Gleði

- Við nálgumst viðfangsefni okkar með gleði, væntumþykju og jákvæðni að leiðarljósi. Grunnurinn að góðri samvinnu er heiðarleiki, traust og ábyrgð.

Frelsi

- Hjá okkur fær einstaklingurinn frelsi til að skapa og taka þátt í leik og starfi á sínum forsendum. Fögnuðum fjölbreytileikanum.

Leiðarljós í frístundastarfi

- Virk þátttaka
- Reynslunám
- Lýðræði
- Mannréttindi
- Forvarnarstarf

Uppeldisgildi frístundastarfs

- Forvarnargildi
- Menntunargildi
- Afþreyingargildi

Lykilfærni í frístundastarfi

- Sjálfsmynd
- Umhyggja
- Félagssfærni
- Virkni og þátttaka



Megináherslur

Menntastefna:

- ✓ Félagssfærni
- ✓ Sjálfspeking
- ✓ Læsi
- ✓ Sköpun
- ✓ Heilbrigði

Frístundastefna:

- ✓ Fjölbreytt og skemmtilegt
- ✓ Virk þátttaka
- ✓ Jöfnuður
- ✓ Forvarnir og lýðheilsa
- ✓ Fagmennska

Starfsskrá frístundamiðstöðva:

- ✓ Sjálfmynd
- ✓ Umhyggja
- ✓ Félagssfærni
- ✓ Virkni og þátttaka

Verkefnið Betri borg fyrir börn:

- ✓ Bæta þjónusta og nýtingu fjármagns
- ✓ Þéttara samstarf
- ✓ Þjónustuna nær skólaumhverfi
- ✓ Snemmtæk ihlutun
- ✓ Styðja betur við starfsfólk
- ✓ Stjórnun stofnana nær vettvangi

Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári

Greinargerð sStjórnendateymis Miðbergs á síðasta ári.

Starfsemi Frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs á síðasta ári einkenndist af flóknum áskorunum. Annan veturinn í röð tók langan tíma að ráða inn starfsfólk í barnastarfið. Það var langt liðið inn í veturinn 2024 þegar tókst að fullmanna allar starfsstöðvar. Mönnunarvandinn bitnar helst á börnunum og fjölskyldum þeirra og fjöldi barna í 3.-4. bekk vildu ekki þiggja pláss í frístundaheimilum þegar þeimau loksins bauðst pláss.

Í unglingastarfi voru miklar áskoranir vegna aukinnar ofbeldishegðunar unglinga og ungmenna. Vopnaburður og hótanir fárra einstaklinga eru farin að hafa áhrif á unglingana í hverfinu sem sum hver eru orðin vör um sig í hverfinu. Starfsfólk félagsmiðstöðva hefur þurft að stór auka vettvangsstarf og vinna með flóknari





vandamál einstaklinga og hópa. Mörg þessara mál eru lögreglumál og barnaverndarmál og eru flókin viðureignar. Of mikið af börnum og unglingum líður illa og þurfa meiri stuðning en er í boði í dag.

Húsnæðismál frístundastarfsins eru mörg hver í óvissu vegna breytinga, viðhalds og tafa á framkvæmdum og hefur það valdið talsverðum óróleika meðal starfsfólks, barna og foreldra.

Fjölgun barna og unglunga af erlendum uppruna hefur aukið áskoranir í starfi frísutundaheimila, félagsmiðstöðva og 16-20 ára starfi. Þessir áskoranir hafa hvatt starfsfólk og stjórnendur til þess að hugsa út fyrir boxið og hlaupa enn hraðar á hverjum degi. Mjög mikilvægt er að borgaryfirvöld takist á við þessa stöðu og styðji við starfsstaði til þess að að vinna betur að inngildingunni í hverfinu.

Viðhorfskönnun starfsmanna kom vel út en eitt árið hjá starfsstöðum Miðbergs en launakjör fá alltaf lægstu einkunnina ár eftir ár.

Frístundaheimilin

Veturinn 2024-2025 fór af stað með svipuðum hætti og árið áður þar sem ráðningar inn á frístundaheimilin gengu afar hægt og voru biðlistar hjá 3. og 4. bekk langt fram eftir vetri. Álag var því mikið ~~s.l.yfir~~-veturinn og krefjandi að halda áætlun í faglegu starfi og daglegri dagskrá. Einnig ~~auki þá~~-voru óvenju miklar breytingar á stjórnendahópi frístundaheimilanna sem setti einnig mark sitt á starfið. Breytingar á þéttum starfsmannahópi og áralangri reynslu hafði áhrif á hinn daglegan takt en á sama tíma komu inn nýir einstaklingar með kraft og nýjar hugmyndir. Eins og oft áður vorum við með frábæran hóp stjórnenda og starfsfólks sem gaf ~~almenn~~ allt sitt í starfið og vann þétt saman að því að láta allt ganga upp.





Þrátt fyrir krefjandi starfsmannamál þá var margt bæði skemmtilegt og gefandi í gangi yfir veturinn sem hélt uppi gleði og krafti meðal bæði barna og starfsfólks. Frístundaheimili Miðbergs voru eins og áður í miklu og góðu samstarfi yfir veturinn, bæði [umað](#) verkefni~~um~~ sem allir gátu unnið eftir sínu nefi sem og [umað](#) sameiginleg~~um~~ verkefni~~um~~ og viðburðum eins og árin áður.

Sameiginleg verkefni svo sem leiklist og kvikmyndasmiðjur frístundaheimila Miðbergs voru á sínum stað. Börnin í 1. og 2. bekk sýndu Ávaxtakörfuna í lok árs við húsfylli [viðeg](#) góðar undirtektir foreldra og annarra aðstandenda. Breiðholt Got Talent var á [sý](#)num stað þar sem 14 atríði frá frístundaheimilum í Breiðholti (þar af 2 frá Vinafelli) létu ljós sitt skína í hátíðarsal Breiðholtsskóla fyrir framan foreldra og aðra gesti. Kvikmyndahátíðin „*Filman*“ var lágstemmdari en áður, þar sem verið var að vinna með breyttar áherslur og nýtt starfsfólk sá um framkvæmdina. Sýningin var engu að síður vel heppnuð og foreldrar og börn skemmtu sér vel. Sótt var um styrk fyrir tveimur A-hluta verkefnum en það fór því miður svo að aðeins annað þeirra var framkvæmt á vormánuðum. Starfsmaður var ráðinn til þess að fara á milli frístundaheimila og vera með dans-kennslu og aðstoða börnin í að útfæra dansatriði. Áherslan var á börn sem æfðu ekki íþróttir og þannig virkja þau í skipulögðum tómstundum með von um að vekja upp áhuga á dansi og anna~~ri~~ hreyfingu. Foreldratengdir viðburðir voru bæði fjölmennir og vel heppnaðir og má þar nefna jóla~~föndur~~s-kaffi, Bóndadagskaffi og Góukaffi.

Tilraunaverkefnið „Fyrr í frístundaheimili“ [þar sem elsta árgangi leikskóla er boðin þátttaka í sumarstarfi frístundaheimila](#), var stækkað í þeim tveimur frístundamiðstöðvum sem höfðu tekið þátt árið áður, Miðbergi og Brúinni. Frístundaheimilið Bakkasel tók þátt í tilraunverkefninu sumarið 2023 í tæpar 2 vikur fram að skólasetningu. Þar var mjög lítil þátttaka vegna ýmissa utanaðkomandi þátta ~~og var því ekki góður undirbúningur fyrir verkefnið sumarið~~. ~~Þetta sumarið~~, 2024, ~~tóku~~~~voru~~ þrjú frístundaheimili Miðbergs ~~sem tóku~~ þátt í tilraunverkefninu „Fyrr í frístundaheimili“ og var þjónustan í boði yfir allt sumarið eða sömu vikur og hefðbundin sumarfrístund.

Óvenjufátt starfsfólk ákvað að vinna á frístundaheimilunum þetta sumar og þurfti því að fara í ráðningar á nýju starfsfólki fyrir sumarið til þess að geta mannað þetta nýja verkefni auk sumarfrístundarinnar. Með frábæru fólki sem samþykkti að færa sig til í starfi ásamt nýráðningum tókst okkur að láta þetta ganga upp.





Húsnæðis-aðstaða verkefnisins „Fyrir í fristundaheimili“ var mjög misjöfn og í raun á fæstum stöðum nógu góð en með krafti tókst fólki að láta þetta allt ganga upp. Dagskráin fyrir börnin var metnaðarfull og aðlöguð að hverjum hóp fyrir sig eftir getu. Áhersla var lögð á nærumhverfi í byrjun en um mitt sumar þegar reynsla var komin á hópinn var **farið lagt** í lengri ferðir.

Veðurguðirnir voru ekkert að gleðja okkur þetta sumarið en sumarfrístund gekk almennt vel þrátt fyrir það. Í boði voru þemaskiptar vikur sem buðu uppá ólík viðfangsefni og fjölbreytta dagskrá. Við byrjuðum með biðlista á flestum stöðum og höfðum ekki fjármagn til að stækka námskeiðin en biðlistarnir minnkuðu þó þegar leið á sumarið. Starfsmannamálin verða meira krefjandi með ári hverju af ýmsum ástæðum og en til að hægt sé að leysa það þarf að koma inn aukinn skilningur og fjármagn fyrir sumarfrístund.

Félagsmiðstöðvar

Þátttaka í starfi félagsmiðstöðvanna var mjög góð. Rík áhersla er lögð á unglingalýðræði í öllu starfi félagsmiðstöðvanna og er dagskrárgerð í höndum unglinganna. Reglulega eru haldnir opnir stórfundir þar sem öllum unglingum gefst kostur á að koma sínum hugmyndum á framfæri. Þá gefst þeim kostur á að senda inn hugmyndir sínar að dagskrárliðum í gegnum samfélagsmiðla. Unglingarnir eru hvattir til þess að fylgja sínum hugmyndum úr hlaði og þannig öðlast þau reynslu í viðburðarstjórnun í gegnum óformlegt nám félagsmiðstöðvastarfsins. Starfsfólk situr einnig fundi **nemendaráða skólanna og á í góðu og nánú samstarfi við félagsstarfskennara skólanna**. Í þeim félagsmiðstöðvum sem þjónusta fleiri en einn grunnskóla sinnir félagsmiðstöðin því hlutverki að samræma dagskrá milli skóla og hvetja til aukins samstarfs.

Félagsmiðstöðvarnar tóku þátt í þeim viðburðum sem haldnir voru á vegum Samfés, samtaka félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á síðasta starfsári. Góð þátttaka var á Samfestingnum, rafíþróttamótum og þeir unglingar sem fóru á landsmót Samfés skemmtu sér vel.

Commented [SP1]: hvað með lausnateymi?





Náttfatanótt, 8. bekkjarferð, Breiðholt got Talent, Skíðaferð og fleiri fastir viðburðir tókust vel. Hinsegin opnun var einu sinni í viku og því miður var lítil mæting allan veturinn þrátt fyrir spennandi dagskrá og góðar auglýsingar.

Við upphaf vetrarstarfsins gekk tíu12 ára starfið vel. Mætingin í starfið er góð þó vissulega væri vænlegt að vera með meira fjármagn og sér forstöðumann yfir miðstiginu til að sinna því betur og vinna faglegra starf með þeim.

Ungmennaráð 2023-2024

Ungmennaráð Breiðholts samanstendur af 11 virkum meðlimum. Ungmennin í ráðinu eru bæði á grunnskóla og menntaskólaaldri. Ráðið fundar vikulega og hafa fundirnir verið haldnir í Bakkanum og í Hundraðogellefu. Það hefur gengið vel að hafa fundina vikulega og mæting hefur verið góð. Fundirnir hjá ráðinu hafa verið nýttir í að ræða hin ýmsu málefni sem ráðið hefur áhuga á, og eru einnig nýttir í að undirbúa stærri verkefni sem ráðið tekur þátt í.

Í nóvember 2023 stóð ungmennaráðið fyrir ungmennaþingi fyrir grunnskólana í Breiðholti. Ungmennaþingið var haldið í ÍR heimilinu og var auglýst fyrir áhugasöm ungmenni í hverfinu ásamt nemendaráðum úr öllum skólum. Boðið var upp á erindi frá Þorsteini V. Einarssyni, Sólborgu Guðbrandsdóttur og Pálmari Ragnarsyni og fjölluðu erindin um hin ýmsu málefni ungs fólks. Ungmennaþingið var vel sótt og ungmennaráðið stóð að öllu sem kom að skipulagi og framkvæmd á viðburðinum.

Ungmennaráðið tók einnig þátt í árlegum fundi með borgarstjórn Reykjavíkur þar sem hver borgarhluti fær að koma með tillögur inn í borgarstjórn. Í ár var tillagan frá ungmennaráði Breiðholts um að koma nútímasamfélagsfræði inn í lífsleikni í alla grunnskóla Reykjavíkur, þar sem ungt fólk getur fengið vettvang til þess að fræðast og ræða um þau málefni sem fjallað er um í fréttum og í samfélaginu. Tillagan var samþykkt á fundi borgarstjórnar og verður tekin upp á fundum hjá skóla- og frístundaráði.



Commented [SP2]: ath. ártöl?





Önnur verkefni sem ungmennaráðið hefur tekið að sér í vetur eru meðal annars STUÐ-verkefnið þar sem ráðið sér um að úthluta styrkjum til ýmissa verkefna hjá ungu fólki í Breiðholti. Mikill áhugi var síðasta ár hjá ráðinu að skipuleggja sjálf fleiri viðburði fyrir önnur ungmenni í hverfinu og framundan er að halda stórt ball fyrir alla grunnskóla í Breiðholti og mun ungmennaráðið koma að skipulagningu á þeim viðburði meðal annars.

Sumarstarf

Við vorum með þrjú sumarhópa í samvinnu við Vinnuskólann og gekk það mjög vel. Einn hópur var fyrir unglunga í 8. bekk og tveir hópar fyrir unglunga í 9. bekk. Unnið er markvisst að sjálfsefningu unglunganna og lagt upp með að allir unglingar sem eru með sérstakan stuðning í félagsmiðstöðvastarfi séu þátttakendur í hópastarfinu. Allir unglingar sem taka þátt í vinnuskólahópunum fara með í útileguna og er það partur af sjálfsefningu unglunganna og markvisst gert til að þau kynnist betur milli hverfa Breiðholtsins. Sumaropnanir á kvöldin gengu líka vel en mis-góð mæting eftir kvöldum. Starfsfólk fór líka alltaf í vettvangsstarf þegar færi gafst.

Sumarstarf Tíu 12 ára gekk mjög vel og fullbókað flesta daga hjá okkur. Mikil ánægja er meðal barna og foreldra með fyrirkomulag námskeiða. Börnin höfðu tök á að mæta í allar félagsmiðstöðvarinnar og starfið stóð yfir í 6 vikur.

Kennsla og hópastarf

Forstöðumenn, aðstoðarforstöðumenn og frístundaráðgjafar sáu um kennslu í lífsleikni og sjálfsefningu í unglingadeildum í Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og Breiðholtsskóla. Þá eru þau, ásamt því að vera með kynfræðslu fyrir 7.-10. bekk í Seljaskóla og Ölduselsskóla. Þá sjáum við um valáfanga fyrir Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og Ölduselsskóla. Starfsmenn okkar kenna t.d. rafíþróttir, nördaval, stúdíóval, borðtennis- og pool val. Hópa- og klúbbastarfs gekk vel hjá okkur. Dungeon and dragons er enn vinsæll klúbbur í félagsmiðstöðvunum og við höfum ráðið starfsmann með sérþekkingu til að halda utan um þann klúbb.





Við vorum með hópastarf fyrir börn í áhættuhegðun, einn hóp var fyrir unglinga sem sýna væga áhættuhegðun og annann fyrir unglinga sem sýna mikla áhættuhegðun. Mjög góð samvinna hefur verið við alla skólastjórnendur, félagsstarfsmenn og námsráðgjafa í Breiðholti.

Hellirinn

Í Hellinum, sértækri félagmiðstöð, gekk starfsárið á heildina lítið mjög vel. Þátttakendafjöldinn var svipaður og undafarin ár og aldursskiptingin nokkuð jöfn milli miðstigs og unglingastigs. Ágætlega gekk að ráða inn starfsmenn en þátttakendur fengu þó ekki fulla vistun fyrr en í kringum áramót. Hellirinn hélt áfram kröftugri útidagskrá og var í góðu samstarfi við sundlaugar og bókasöfn í borginni og fékk afnot að íþróttahúsinu í Breiðholtsskóla tvisvar í viku ásamt því að D&D klúbbur Hellisins hittist vikulega og lenti í ýmsum ævintýrum.

-Félagsmiðstöðvarnar fjórar voru áfram í góðu samstarfi sín á milli og er áfram unnið markvisst að því að þátttakendum í Hellinum standi til boða að sækja sínar hverfisfélagsmiðstöðvar og þekki dagskrána þar. Einnig nýttu unglingar Hellisins rafíþróttaverið í 111 einu sinni í viku. Sumarið í Hellinum var eitt það besta frá upphafi og var þátttaka svipuð og árið á undan. Samstarfið við Vinnuskólann var mjög gott og hefur vinnuskólahópur Hellisins aldrei verið fjölmennari.

16+

Á fimmtudagskvöldum höfum við verið í samstarfi við Fjölbrotarskólann í Breiðholti (FB) með 16+ opnanir, þar kemur starfsmaður frá Fjölbrotarskólanum í Breiðholti og aðstoðar tvo starfsmenn Miðbergs. Opnið er frá 20:00-22:30 á fimmtudögum og á sunnudögum er opið frá 17:00-20:00. Okkar upplifun er að öruggur staður, starfsfólk [sem er](#) tilbúið að hlusta, samþykkja og aðstoða ungmennin sem og að bjóða upp á létt snarl er grunnur að góðum 16+ opnunum. Þessar opnanir hafa gengið vonum framár, góð mæting, þátttaka í dagskrá og mörg sem sækjast eftir aðstoð eða heilræðum starfsfólks. -Nemendafélag FB semur dagskrána sem er auglýst bæði í FB og á samfélagsmiðlum hjá 16+ og nemendafélaginu. og er það von okkar að þetta samstarf aukist enn frekar og styrkist á komandi árum.

Commented [SP3]: ath. nefna hér að fjármagnið komi í gegnum styrk frá mennta- og barnamálaráðuneyti?



Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun Sameyki og Gallup. Stofnun ársins. Jafnrétti, stjórnun, ímynd, starfsandi, ánægja og stolt.	Viðhorfskönnun Sameyki og Gallup. Stofnun ársins. Miðlæg starfsmannakönnun. Netkönnun	Starfsmenn	Styrkleikar: Jafnrétti, stjórnun, ímynd starfsandi, ánægja og stolt allir þættir yfir 4.50
Yfirsýn, tók á öllum verkefnum, streituvaldandi þættir.			Áskoranir: Yfirsýn, tók á öllum verkefnum og streituvaldandi þættir.
Íslenskar æskulýðsrannsóknir og Rannsókn og greining. Auðvelt að fá umhyggju og hlýju og þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi.	Íslenskar æskulýðsrannsóknir og Rannsókn og greining. Spurningarlisti til unglunga í 8-10 bekk	Unglingar 8.-10. bekk	Styrkleikar: Auðvelt að fá umhyggju og hlýju (Seljahverfi) og þátttaka í félagsmiðstöðva starfi
Andleg líðan, svefn og líkamleg heilsa.			Áskoranir: Andleg líðan, svefn og líkamleg heilsa.

Commented [SP4]: Hér á að koma fram hvað var metið, ekki hvernig var metið???

Commented [SP5]: Hér á að koma fram hvað var metið, ekki hvernig var metið???

Commented [SP6]: ath. hæsta skor er 5 ekki satt, spurning um að koma því að svo viðmiðið sé rétt

Formatted: Font: Not Bold

Commented [SP7]: sama spurning hér og að ofan, hvað var metið? Ekki hver mat

Commented [SP8]: sama spurning hér og að ofan, hvað var metið? Ekki hver mat

1. Frístundastarfið

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Látum draumana rætast	Of lítil þátttaka barna og unglunga með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn í félagsmiðstöðvastarfi.	Mæta fjölbreyttum hópi unglunga á vettvangi frítímans með áherslu á að hugsa upp nýjar leiðir til að ná til hópa sem almennt mæta ekki (s.s. áhugategnd viðfangsefni og kynjamiðað hópastarf). Skoða samstarf við grunnskólana um að spyrja börn/unglinga um áhugamál í foreldraviðtölum.	Deildars tjóri unglunga starfs	Allt árið	Allt árið	Fara yfir mætingarlista og skoða niðurstöður ÍÆ og R&G	Leitast við að jafna þátttöku barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn og barna þar sem eingöngu íslenska er töluðu á heimili í félagsmiðstöðvastarfi.
Fjölbreytt og skemmtilegt	Hafa fjölbreytta dagskrá og viðburði í félagsmiðstöðvunum þannig að þeir nái til sem flestra. Virkja unglungalýðræðið og þátttöku allra hópa.	Fagna fjölbreytileikanum og inngildingu (sjá t.d.: https://www.stjornarra.did.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Leidarvisir%)	Deildars tjóri og forstöðu menn	Allt árið		Farið yfir í lok hverrar annar hvort að við séum að mæta þörfum allra hópa. Ígrundun.	Að fjölbreyttir hópar skili sér í starfið.

Formatted: Icelandic

Formatted: Icelandic

Formatted: Icelandic

Formatted: Icelandic

		20um%20studning%20v id%20modurmal_islens ka.pdf					
Sköpun	Breiðholt Got Talent. Hæfileikakeppni Breiðholts, þar sem sköpun og hæfileikar unglinganna fá að njóta sín.	Skráning í öllum félagsmiðstöðvum Breiðholts og öll hvött til þátttöku. Lögð er áhersla á að hafa atriðin fjölbreytt. Stór sameiginleg keppni í hátiðarsal Breiðholtsskóla í febrúar.	Forstöð umenn.	Jan-	feb	Við lok viðburðar er skrifuð skýrsla. Ígrundun eftir viðburð.	Fjöldi atriða og fjöldi áhorfenda. Einnig ánægja og lærdómur þátttakenda.
Félagsfærni	Bregðast við þörf fyrir snemmtæka íhlutun við börn í 5-7 bekk með þróun á verkefni sem styður við forvarnir á sviði samskipta, félagsfærni og geðræktar m.t.t félagslegra breyta og fjölbreytileika.	Hefja tilraunaverkefnið Farsæld til framtíðar í 7. bekk Fellaskóla og Hólabrekkuskóla. Kennsla í bekkjum einu sinni í viku, almenn fræðsla stuðningur, skimun, stuðningur við tómstundir, sértækt hópastarf og forlejdramstarf.	Framkv æmdars tjóri og deildars tjóri unglinga starfs	Sept. 2024	Júní 2025	Spurningarlistar lagðir fyrir börnin í upphafi og reglulega á meðan verkefni stendur.	Félagslega staða, líðan og samkennd sé hærri eftir að verkefni lýkur.
Jöfnuður	Læsi allra mál	Fræðsla frá læsisteymi	Deildars tjóri			Fræðsla frá læsisteymi Suðurmiðstöðvar fyrir	Þátttaka starfsfólks og aukin skilningur og nýting á íslenskum spilum og leikjum

Formatted: Icelandic

Formatted: Icelandic

		Barnblað Miðbergs. Skrifað af börnum fyrir börn.	barnast arfs			starfsfólk frístundaheimila	Börnin hafi áhuga á að taka þátt í næsta tölublaði og blaðið sé lesið.
Sjálfsþing	Læsi og inngilding	Frístundaheimili setji sér málstefnu þar sem lögð er áhersla á íslenskt málumhverfi með sjónrænni innlögn (að merkja hlutina í umhverfinu).	Deildars tjóri barnast arfs			Allt sé vel merkt	Fólk læri orðin
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Koma til móts við ungmenni frá 16 ára -20 ára með opnu félagsstarfi. Sérstök áhersla á ungmenni sem eru ekki í skóla og ekki í virkni.	Opið kvöldstarf tvö kvöld í viku. Kortleggja hópinn og reyna að styðja við þá sem eru ekki í virkni.	Framkvæmdars tjóri og deildars tjóri barnast arfs.	Sept. 2024	Ágúst 2025	Fjöldi opnana og fjöldi á opnunum.	Halda í hópinn allt árið.
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa.	Reyna að styðja og virkja ungmenni sem að eru að klára grunnskóla og eru í áhættu á að hefja ekki framhaldsskóla eða detta fljótt út úr námi.	Kortleggja nemendur í 10 bekk í samstarfi við grunnskóla og Suðurmíðstöð. Virkja og styðja þá sem ekki eru í námi eða vinnu	Framkvæmdars tjóri	Jan. 2025	Ágúst 2025	Fókst-Skoða hvort það tókst að hefja verkefni og að fylgja því eftir.	Vita um og vera í virku samtali við öll ungmenni sem eru ekki í virkni sem kláraðu 10 bekk um vorið.

Formatted: Icelandic

2. Stjórnun, staðarbragur og mannaúður

Þættir	Áskoranir/markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Fagmennska	Koma til móts við fjölbreyttan hóp barna og unglunga í unglungastarfi með fjölbreyttari hóp starfsmanna.	Fyrirmyndir: Fjölga starfsfólki með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í starfi með unglungum á mið- og unglingastigi félagsmiðstöðva.	Deildars tjóri unglunga starfs og forstöðu menn félagsmiðstöðva	Allt starf sárið	Allt starfsárið	Kortleggja fjölgun starfsfólks félagsmiðstöðva með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og skoða í samhengi við fjölgun þátttakenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.	Aukin þátttaka barna og unglunga með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í félagsmiðstöðvum. Fjölbreyttari starfshópur með ólíkan tungumál og menningarbakgrunn.
	Gátlistar menntastefnu	Fylgja eftir gátlistum	-Stjórn endur Miðbergs	Allt árið	Allt árið	Gátlistar	Listar útfylltir inná menntastefna.is
	Einstaklingsáætlanir	Ráðgjöf varðandi einstaklingsáætlanir	-Ráðgjafa þroskaþjálfari	Allt árið	Allt árið	Starfsstaðir heimsóttir og ráðgjöf veitt í málefnum barna og unglunga	Bætt líðan, aukin félagsfærni

	Náms og kynnisferð erlendis	Stjórnendur Miðbergs kynna sér fagstarf erlendis	Deildar stjórar og framkvæmdastjóri	Nóv	Nóv	Heimsækjum frístundastarf erlendis og kynnum okkur nýjar og ólíkar starfsaðferðir.	Ferðin verði farin og þekking sótt.
	Mánaðarleg fræðsluerindi fyrir starfsfólk barnastarfs	Mismunandi fræðsla einu sinni í mánuði	Deildar stjórn barnastarfs	September	Mái	Allt starfsfólk sitji fjölbreyttar fræðslur og taki þátt.	Aukin þekking sem nýtist í starfi.
	Regnbogavottun	Framfylgja áætlun og því verklagi sem vottunin felur í sér	Framkvæmdastjóri	Allt árið	Allt árið	Allt starfsfólk sitji hinsegin fræðslu og starfshættir lagaðir að vottuninni.	Að unnið sé samkvæmt viðmiðum regnbogavottunarinnar.
	Grænu skrefin	Framfylgja verklagi	Forstöðumenning	Allt árið	Allt árið	Aðgerðir kláraðar.	Vottað af fulltrúa grænna skrefa.
	Upplýsingaflæði til foreldra	Upplýsingar um starfið á fleiri tungumálum	Deildarstjórn barna- og unglingastarfs	Allt árið	Allt árið	Kannanir.	Aukin ánægja foreldra.



Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Menntastefna [sSkóla-](#) og frístundasviðs Reykjavíkurborgar [leggja](#)-[leggur](#) línurnar í starfi frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs starfsárið 2024-2025. Félagsfærni, sjálfsefning, heilsuefning, læsi og sköpun eru [grunn](#)þættir menntaustefnunnar og starfsárið 2024 -2025 koma áherslur og þróunarverkefni Miðbergs fram í þessum verkefnum.

Farsæld til framtíðar

Verkefnið Farsæld til framtíðar er forvarnarverkefni fyrir börn í 7. bekk í Fella- og Hólabrekkuskóla. Um er að ræða samstarfsverkefni grunnskólahluta [sSkóla-](#) og frístundaeildar Suðurmiðstöðvar, frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs og Fella- og Hólabrekkuskóla. Verkefnið er tilraunaverkefni til eins árs, skólaársins 2024 – 2025 með möguleika á áframhaldi. Verkefninu er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem staðið er frammi fyrir í málefnum barna- og unglunga. Ljóst er að þörf er á markvissari forvörnum á sviði samskipta, félagsfærni og geðræktar m.t.t. félagslegr~~a~~ breyta og bakrunns nemanda. Verkefnið leggur sérstaka áherslu á nemendur á miðstigi með [það að](#)við markmiði að koma í veg fyrir frekari vanda á unglings- og framhaldsskólastigi. Með snemmtækri íhlutun og skilgreindu samstarfi stofnana hverfisins aukast líkur á árangri í einstökum málum sem aftur hefur áhrif á námsárangur, líðan og sjálfsmynd unglunga. Allt þetta eykur jafnframt líkur á farsæld á fullorðinsárum.

Læsi allra mál

Læsi allra mál er samsarfsverkefni leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila í Breiðholti. Leiðarljós [læsi allra málsverkefnisins](#) er að efla samstarf, flæði þekkingar milli skólastiga og frístundastarfs. Læsisstefna Breiðholts er grunnurinn að vinnu í [L](#)æsi allra mál. Frístundaheimili munu setja á stofn stýrihóp sem heldur utan um frístundalæsi. Starfsfólk mun fá fræðslu frá læsisteymi og lögð verður áhersla á að frístundaheimili setji sér málsstefnu og verði með sjónræna innlög.



Formatted: Line spacing: Multiple 1,15 li





Eftirfylgd unglunga eftir 10. **b**Bekk

Að hausti verður óskað eftir því að foreldrar barna í 10. bekk [skrifi](#) undir samþykki fyrir því að skóla og frístundadeild og börn og fjölskyldur megi fylgjast með stöðu nemandans til 18 ára aldurs með reglubundnum hætti. **Spurt verður:** Er nemandinn í skóla? **Hævernig** gengur með ástundina? **E**er nemandinn í vinnu? **Hævernig** gengur? Verkefnið verður einnig unnið í samstarfi [viðmeð námsráðgjafaöfnum](#) í grunnskólum Breiðholts og námsráðgjafaöfnum F.B.

16+

Frístundamiðstöðin Miðberg í samstarfi við Fjölbautaskólann í Breiðholti bjóða upp á opið starf fyrir 16-24 ára tvisvar í viku í þrjá tíma í senn. Verkefnið er fjármagnað af [Mennta-Barna](#) og [barnamennings](#) málaráðuneytinu. Unnið er að því að þróa starfið í átt að stafsemi ungmennahúsa og lögð verður áhersla á aukið samstarf við Suðurmíðstöð og Vinnumálastofnun.

Samstarf

Mikil og löng hefð er fyrir samstarfi stofnanna í Breiðholti. Með tilkomu verkefnisins Betri borg fyrir börn hefur samstarfið aukist enn meira á síðustu árum. Samstarf og samvinna á milli frístundardeildar, grunnskóladeildar og barna og fjölskyldudeildar gengur mjög vel og hefur komið fram í verkefnum eins og Senter, Fyrr í frístundaheimili, farsæld til framtíðar, 16+ og læsisverkefninu [Ljæsi](#) allra mál. Með innleiðingu lausnateymi eykst enn frekar samstarf frístundadeildar og grunnskóladeildar í einstaklingsmálum börnum og fjölskyldum til góða. Frístundamiðstöðvar hafa haft til fjölda ára mjög gott samstarf og með Flotanum og verkefnum verkefnastjóra forvarnara hafa það samstarf styrkst enn frekar.



Frístundamiðstöðvar Reykjavíkur starfa út frá [Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum 2023-2026](#). Áætlunin byggir á lögum um jafnan rétt kynjanna, 13. grein laga um stjórnsýslu jafnréttismála og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þær aðgerðir sem eru á ábyrgð SFS og tengjast frístundastarfinu í aðgerðaráætlun borgarinnar eru útlistaðar hér fyrir neðan.

Field Code Changed

Þar ber hæst að setja inn að það sé tryggt á starfsstaðnum að það verði enginn starfsmaður fyrir kynferðislegu áreiti né ofbeldi. Einnig að allir starfsmenn sitji [netnámskeið Barnahúss um einkenni kynferðisofbeldis og viðbrögð](#). Starfið sé fyrir börn af öllum kynjum og aðgengilegt öllum.

Field Code Changed

Aðgerð	Útfærsla frístundamiðstöðvar	Ábyrgð
Tryggja að allt starfsfólk Miðberg sé upplýst um verkfærakistu um kynjajafnréttis- og hinseginfræðslu fyrir öll skólastig auk verkfærakistu menntastefnu. Sjá hér: https://reykjavik.is/unglingastig-verkfaerakista	Kynningar og fræðslur á starfmannafundum og starfsdögum.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar
Tryggja að stjórnendur viti af fræðslu um málefni hinsegin fólks og skilji mikilvægi hennar fyrir börn og unglínga.	Allar starfstaðir Miðbergs hafa Regnbogavottun og hafa viðhaldið henni samkvæmt áætlun.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar
Tryggja að fræðsla um málefni hinsegin fólks standi öllum nemendum í frístundastarfi til boða.	Allar starfstaðir Miðbergs hafa Regnbogavottun og hafa viðhaldið henni samkvæmt áætlun.	Deildarstjórar
Skipuleggja og hvetja starfsstaði Miðbergs til að taka þátt í jafnréttis og mannréttindadögum í kringum 20. nóvember.	Er í viðburðardagatali.	Deildarstjórar
Efla kynfræðslu sem forvarnarstarf með því að fjölga starfsstöðum í kynfræðsluverkefni.	Miðberg er með kynfræðsluverkefni í Seljaskóla og Ölduselsskóla. Verkefnið farsæld til framtíðar í 7. bekk í Hólabrekkskóla og Fellaskóla	Deildarstjóri ungingastarfs

Field Code Changed

	inniheldur kynfræðsluverkefnið aðlagð að aldri barnanna.	
Tryggja þekkingu stjórnenda og starfsfólks um rétt barna til að skilgreina kyn sitt og að þau njóti viðurkenningar á sinu kyni (kynvitund), m.a. með skýru verklagi og fræðslu.	Allar starfstaðir Miðbergs hafa Regnbogavottun og hafa viðhaldið henni samkvæmt áætlun.	Framkvæmdastjórar og deildarstjórar